

# Handbók fyrir nýja starfsmenn í leikskólanum Eyrarvöllum

Eyrún Sól Einarsdóttir



Lokaverkefni til stúdentsprófs

Leiðbeinandi: Jóhanna Smáradóttir

Opin stúdentsbraut

Verkmenntaskóli Austurlands

Maí 2020



# Efnisyfirlit

<b>1. Formáli</b>	<b>4</b>
1.1 Velkomin í leikskólann	5
1.2 Deildarstjórinn og hlutverk hans	6
<b>2. Væntingar og kröfur til starfsmanna</b>	<b>6</b>
<b>3. Dagur í leikskólanum</b>	<b>7</b>
3.1 Upphaf dags og morgunmatur	7
3.2 Samverustund	8
3.3 Útivera	8
3.4 Hádegismatur	8
3.5 Hvíld	9
3.6 Frjáls leikur	9
3.7 Kaffitími og í lok dags	10
<b>4. Skipulagt starf</b>	<b>10</b>
4.1 Málörvun	10
4.2 Stærðfræði	11
4.3 Hreyfiþroski	11
4.4 Skapandi starf	13
<b>5. Leikskólastarfið og mat á námi barna</b>	<b>14</b>
<b>6. Uppákomudagar</b>	<b>16</b>
<b>7. Lokaorð</b>	<b>16</b>
<b>8. Heimildir</b>	<b>17</b>
<b>9. Myndaskrá</b>	<b>19</b>

## 1. Formáli

Þrátt fyrir að flestir hafi verið í leikskóla sem börn, muna ekki allir mikið frá þeim tíma. Flestir tengja leikskólann við góðar minningar og og þá leika gjarnan vinirnir aðalhlutverk. Margir hafa gleymt starfsmönnum leikskólans, þrátt fyrir að starfsmennirnir hugsi um börnin eins og sín eigin. Starfsmenn leikskólanna eru hvunndagshetjur sem veittu okkur öryggi, mótuðu okkur sem einstaklinga að hluta til og kenndu okkur á fyrsta skólastiginu.

En hvert er hlutverk starfsmanna á leikskóla?

Hvað er það fyrsta sem starfsmaður á leikskóla gerir?

Hvað er góður starfsmaður?

Hvaða nám fer fram í leikskóla?

Þetta eru allt spurningar sem margir nýir starfsmenn leikskóla velta fyrir sér. Því ákvað ég að gera handbók fyrir nýja starfsmenn í leikskólanum Eyrarvöllum. Í handbókinni er að finna helstu upplýsingar um ferlið sem fram fer þegar starfsmaður hefur störf í leikskólanum Eyrarvöllum, reglur sem þar gilda, starfið sem þar fer fram, helstu uppákomudaga og fleira.

Leikskólastarfsmenn vinna í afar tilfinningalegri vinnu þar sem félagsleg samskipti eru lykilatriði starfs. Margir sem hefja störf í leikskóla hafa litla reynslu af börnum og skal ávallt haft í huga að hvert barn er einstakt og koma skal fram við öll börn af virðingu og vinsemd.

## 1.1 Velkomin í leikskólann

Leikskólinn Eyrarvellir er 8 deilda leikskóli sem tekinn var í notkun árið 2016, þar áður hét leikskólinn Sólvellir og var þá í öðru húsnæði í meira en 50 ár. Á Eyrarvöllum eru börn með mismunandi vistunartíma en opið er frá 7:30 - 16:30 alla virka daga. Yfir sumartímam er leikskólinn lokaður í 4 vikur og er það frístundar- og fræðslunefnd Fjarðabyggðar sem ákvarðar hvenær sú lokun er og einnig eru 4 starfsdagar yfir allt árið. Einu sinni í mánuði eru svo haldnir starfsmanna og/eða deildafundir. Deildarnar í leikskólanum Eyrarvöllum heita nöfnum sem þekkt eru úr ævintýrum Astrid Lindgren og heita Sjónarhóll, Sólbakki, Glaumbær, Ólátagarður, Kattholt, Skarkalagata, Matthíasarborg og Saltkráka. Einkunnarorð leikskólans eru nám, leikur gleði.

Þegar nýr starfsmaður kemur til starfa er viðtal við leikskólastjóra fyrst á dagskrá. Í viðtalinu er stefna skólans kynnt sem og farið yfir reglur hans og þær útskýrðar. Einnig fer leikskólastjóri yfir ráðningarsamning, þagnarskyldu, uppsagnarfrest og hvernig skal skila inn uppsagnarbréfi. Í þessu viðtali er mikilvægt að spyrja ef eitthvað er óljóst eða ef starfsmanninn vantar nánari upplýsingar um eitthvað.

Auk viðtalsins er leikskólinn skoðaður að innan sem og útisvæði. Farið er inn á allar deildir og starfsfólk hvernar deildar kynnt. Að lokum er farið yfir þá aðstöðu sem leikskólinn hefur upp á að bjóða s.s. sérkennsluherbergi, listaskála, kaffistofu, íþróttasal, eldhús og þvottahús.

Oft eru nýir starfsmenn í afleysingarstöðu, en það þýðir að starfsmaðurinn þarf að vinna á öllum deildum leikskólans og jafnvel í eldhúsinu. Hver deild hefur sitt skipulag sem hæfir þeim aldurshóp barna sem þar eru. Á yngstu deildum leikskólans, Sjónarhóli, Sólbakka, Glaumbæ og Ólátagarði eru börn sem sofa en á eldri deildunum sofa þau ekki en taka oft hvíld eftir matinn, þ.e. hlusta á sögur eða það er lesið fyrir þau. Matartími er einnig breytilegur á öllum deildunum og er maturinn fyrr borinn fram á 2-3 yngstu deildunum en seinna á þeim eldri.

Ef starfsmaður er fastráðinn á einni deild er það hlutverk tiltekins deildarstjóra að kynna skipulag hennar, kynna allt starfsfólk sem þar starfar og að sjálfsögðu kynna börnin fyrir honum.

Í upphafi er gott að fara yfir skólanámskrá leikskólans og önnur skjöl sem veita nauðsynlegar upplýsingar um starfið á Eyrarvöllum.

## 1.2 Deildarstjórinn og hlutverk hans

Inn á hverri deild er deildarstjóri sem sér um stjórnun, skipulagningu og ber ábyrgð á framkvæmd starfsins á deildinni. Hlutverk deildarstjórans er einnig að leiðbeina nýju starfsfólki, hvetja það áfram og hrósa því.

Á hverjum morgni klukkan 8:10 eru haldnir morgunfundir með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra þar sem farið er yfir daginn, hverja vantar í vinnu, hverjir eru í frii og þess háttar. Út frá því er raðað niður afleysingastarismönnum á þær deildar sem þörf er á og þurfa stundum fastir starfsmenn að færast á milli deilda, til dæmis vegna veikinda eða leyfa frá störfum.

Deildarstjórinn tekur nýja starfsmanninn í stutt starfsviðtal eftir fyrstu viku í starfi. Í því viðtali er farið yfir líðan starfsmannsins í vinnunni, hvernig samvinna á milli starfsmanna á deildinni gengur, hvernig leiðsögn hafi verið og hvernig gangi almennt að aðlagast hinu daglega starfi. Í þessu viðtali gefst starfsmanninum einnig tækifæri til að spyrja spurninga eða láta í ljós sínar skoðanir.

Eftir einn mánuð í starfi er starfsmaðurinn aftur tekinn í viðtal af deildarstjóra og þá eru sömu málefni rædd.

Deildarstjórinn kynnir einnig reglur leikskólans og deildarinnar fyrir starfsmanninum. Símanotkun er óheimil inni á deild nema nauðsyn beri til. Heitir drykkir eru ekki leyfðir inni á deild og godósir eiga ekki að vera sjáanlegar. Aldrei skal skilja barn eftir eitt þar sem ekki er fylgst með því.

## 2. Væntingar og kröfur til starfsmanna

Eins og í öllum störfum eru margar væntingar gerðar til starfsmanna í leikskóla og má þar nefna stundvísi, reglusemi, traust og trúnað. Starf í leikskóla er tilfinningalegt og krefst þess að mikil ábyrgð sé sýnd.

**Þagnarskylda:** Þegar þú hefur störf í leikskóla skrifar þú undir samning um þagnarskyldu. Þessi samningur er afar mikilvægur og skal hann aldrei vera rofinn. Mikilvægt er

að það sem starfsmaður sér og heyrir á leikskólanum fari ekki þaðan út. Þessi samningur er gerður fyrir börn leikskólans, foreldra þeirra og aðra starfsmenn. Þagnarskyldan er ekki tekin yfir lög og skal láta vita ef einhver lög eru brotin í eða fyrir utan leikskólann. Ef það er eitthvað sem starfsmaður þarf að ræða og getur ekki tekið upp við deildarstjóra eða leikskólastjóra er hægt að hafa samband við trúnaðarmanninn í skólanum. Trúnaðarmaður sér um ýmis persónuleg mál og tekur þau upp með stjórn leikskólans. Brot á þagnarskyldu getur leitt til uppsögn starfsmanns.

**Veikindi:** Ef starfsmaður veikist skal alltaf hringja í leikskóla- eða aðstoðarleikskólastjóra og tilkynna veikindin.

**Leyfi/frí:** Alltaf skal biðja um leyfi eða frí hjá leikskóla- eða aðstoðarleikskólastjóra og helst með að minnsta kosti nokkurra daga fyrirvara.

**Símanotkun:** Ekki skal nota farsíma inn á deildum nema í ýrústu nauðsyn.

**Heitir drykkir:** Ekki er leyfilegt að fara með heita drykki inn á deildar heldur einungis inn á kaffistofu starfsmanna.

### 3. Dagur í leikskólanum

Í leikskólanum Eyrarvöllum er enginn dagur eins. Hver deild hefur sitt skipulag en dagskrá flestra deilda er mjög svipuð.

#### 3.1 Upphaf dags og morgunmat

Þegar börnin eru að mæta í leikskólann skiptir miklu máli að taka vel á móti þeim öllum og foreldrum þeirra. Mikilvægt er að barninu finnst það velkomið í leikskólann og ef barninu finnst erfitt að kveðja foreldri sitt er ákveðið í samráði við foreldi hvernig best sé að haga móttöku barnsins.

Oftast eru rólegir leikir fyrir morgunmatinn á meðan börnin tínast inn, svo sem púsl, kubbar, litir og fleira.

Morgunmatur tekur síðan við og er hann á öllum deildum frá 8:30-9:00.

Þegar morgunmatur er búinn hefst skipulagt starf og /eða frjáls leikur.

### 3.2 Samverustund

Samverustundir eru tvisvar-þrisvar á dag. Samverustundir stuðla að félags- og málþroska barna og fer þá ýmis fræðsla eða skemmtun fram. Í fyrstu samverustund dagsins, sem oftast er eftir skipulagða starfið, fá börnin ávexti og fylgjast með því sem kennarinn segir og gerir. Getur samverustundin verið haldin í minni hópum eða með öllum börnunum þar sem er sungið, lesið eða spjallað. Samverustundin á að vera notaleg og ætlað að æfa einbeitingu og úthald.

### 3.3 Útivera

Útiverutími er á milli 9:30-11:00 og svo 12:30-14:00. Það fer algerlega eftir veðri og starfi á hverri deild hvort farið sé út. En útivera getur líka oft nýst til náms og í skipulögðu starfi. Börnin fá einnig að njóta sín í frjálsum leik úti. Þar fá þau tækifæri til að fá útrás, hreyfa sig að vild, hrópa eða jafnvel öskra, fara í ærslaleiki og klifra. Með útiverunni upplifa börnin frelsi, hún stuðlar að betri andlegri og líkamlegri líðan þeirra og eykur þol og styrk.



### 3.4 Hádegismatur

Hádegismatur er í öllum leikskólanum frá 11:00-12:00. Á öllum deildum nema þeim yngstu eru svokallaðir umsjónarmenn úr hópi barnanna. Þeir sjá um að ná í matinn, leggja á borð og kynna fyrir hinum börnunum hvað sé í matinn hverju sinni. Í matartímanum er farið yfir borðsiði og oft fara góðar umræður fram við matarborðið svo það má segja að mikil málörvun eigi sér þar stað. Á yngstu deildunum eru börnin að læra að borða sjálf með gaffli, á eldri deildunum eru þau svo farin að læra að skammta sér sjálf og nota hnífapör. Matartíminn er notaleg stund þar sem börnin borða hollan og góðan mat og eru hvött til að smakka ýmislegt nýtt.




### 3.5 Hvíld

Á öllum deildum er haldin róleg stund eftir hádegismatinn. Þau yngstu sofa en þau eldri hafa rólega stund þar sem slakað er á með því að hlusta á sögu eða hlýða á upplestur. Öll börn þurfa á hvíld að halda, en aðeins þau yngstu þurfa á svefni að halda eftir hádegi.

### 3.6 Frjáls leikur

Í frjálsum leik fá börnin að nota eigið ímyndunarafl. Í leik læra börn lýðræði og taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau virða sjónarmið annara og setja fram eigin hugmyndir. Frjáls leikur er eitt af lykilatriðum í öllu starfi í leikskólanum á Eyrarvöllum. Leikirnir sem börnin taka þátt í eru sem dæmi:

- **Byggingaleikir:** Þá byggir barnið úr ólíkum efnum og fær því tækifæri til þess að nýta sköpunargleði sína í leik. Þar skiptir samvinna miklu máli því deila þarf kubbum og rými.
- **Þykjustu- og hlutverkaleikir:** Í slíkum leikjum líkja börn eftir fyrirmyndum sínum og setja sig í spor annarra. Í þessum leikjum herma börnin eftir eigin upplifunum og geta oft sleppt tilfinningunum lausum og fengið útrás.
- **Regluleikir:** Í regluleikjum spila börnin við hvort annað og kennara og læra að fylgja leiðbeiningum og reglum. Þessir leikir örva málþroska og eru liður í hugtakanámi barnanna.
- **Skynfæra- og hreyfileikir:** Í þessum leikjum nota börnin líkama sinn og felst leikurinn í hreyfingu og beitingu líkamans og skynfærna. Þessir leikir fara oftast fram í salnum eða úti.



### 3.7 Kaffítími og í lok dags

Kaffítími barnanna er frá 14:30-15:00 á öllum deildum. Þegar honum lýkur fara börnin oftast í leik við borð og ljúka deginum á rólegan hátt. Mörg barnanna eru orðin þreytt og hafa vonandi átt góðan og viðburðaríkan dag. Þegar foreldri eða foreldrar koma að sækja börnin skiptir máli að kveðja þau og koma skilaboðum á framfæri við foreldri/foreldra ef einhver eru.



## 4. Skipulagt starf

Í öllum leikskólum fer fram skipulagt starf og er það mismunandi eftir aldri og þroska barnanna. Börn læra helst í gegnum leik og fer því mikill hluti hins skipulega starfs fram í leik. Þau læra í samvinnu við önnur börn og með stuðningi eða leiðbeiningum frá fullorðnum. Starfið á að hvetja börn til sköpunar, samvinnu, rannsókna, kannana og einnig stuðla að sjálfstæði og frumkvæði.

### 4.1 Málörvun

Á hverri deild fer mikil málörvun fram á öllum tímum dags, í leik, við matarborðið, í fataklefa og í raun í öllum þáttum hins daglega starfs. Því skiptir miklu máli að börnin heyri fjölbreyttan orðaforða og vandað sé til máls. Skipulagðar málörvunarstundir eru svo á öllum deildum einhverja daga vikunnar. Gott að er fá að fylgjast með málörvunarstundum hjá öðrum starfsmönnum og skrifa hjá sér þær aðferðir sem notaðar eru.

Sumar deildir nota tákni með tali til þess að einfalda málskilning barnanna. Deildarstjóri starfsmannsins mun þá kenna honum að nota hin ýmsu tákni þegar hann talar við börnin eða syngur með þeim. Einnig er gott að skoða [www.tmt.is](http://www.tmt.is)

Til að fylgjast með málþroska barna á Eyrarvöllum eru gerðar skimanir reglulega.

Þær eru:

- Efi 2: Tekið hjá öllum börnum á aldrinum 3-4 ára til að kanna málskilning og máltjáningu. (tekið í september og apríl).
- HLJÓM-2: Tekið hjá öllum börnum 5-6 ára til að kanna hljóðkerfisvitund, þ.e. til að greina þau börn sem gætu átt við lestrarörðugleika að etja (tekið í október og febrúar).
- Málhljóðamælirinn: Skimunarpróf í spjaldtölvu sem metur framburð hjá börnum.
- TRAS - Skráningarlisti leikskólakennara til að fylgjast með máltöku 2-5 ára barna.

## 4.2 Stærðfræði

Stærðfræði er einnig hluti af starfi leikskólans og læra börn hana á margvíslegan hátt. Á leikskólanum læra þau um mynstur, tölur, tákni og þjálfu rýmisgreind svo eitthvað sé nefnt. Stærðfræðilegu verkefni sem börnin vinna eru tengd daglegu lífi og umhverfi barnanna. Verkefni geta verið af ýmsu tagi og fer eftir aldri barnanna.

Dæmi um stærðfræði eru:

- Að vinna og leika með tölur, talnaröð og fjölda.
- Raða og flokka eftir reglu og mynstri.
- Leika með stærðfræðileg hugtök s.s. fyrir framan, fyrir aftan, undir, yfir og fleira.
- Leika með magn, mælingar, flokkun og mynstur.
- Skoða tímann og/eða læra á klukku.

## 4.3 Hreyfiþroski

Fínhreyfingar og grófhreyfingar eru mikilvægir þroskaþættir barna sem mikilvægt er að efla. Þær hreyfingar þar sem líkaminn er allur notaður flokkast undir grófhreyfingar en litlar hreyfingar fingra og handa nefnast finhreyfingar.

**Grófhreyfingar:** Efling grófhreyfinga fer oftast fram í hreyfistundum, sem fram fara í salnum. Á Eyrarvöllum er lokaverkefni Sigurveigar Dagbjartsdóttur úr Kennaraháskóla Íslands mikið notað. Um er að ræða möppu sem inniheldur skipulagðar hreyfistunda fyrir mismunandi aldurshópa og er hverri stund skipt upp í upphitun, aðalkafla og niðurlag/slökun.



Dæmi um grófhreyfiæfingar eru:

- Jafnvægisæfingar
- Hlaupa
- Hoppa
- Klifra
- Kasta, grípa og sparka í bolta
- Að hjóla
- Ýmsar æfingar s.s. kollhnísar og rúlla sér


**Fínhreyfingar:** Fínhreyfiæfingar fara oftast fram sitjandi við borð inn á deild. Góðar fínhreyfiæfingar eru sem dæmi:

- Perla
- Þræða
- Pinna
- Púsla
- Kubba
- Klippa
- Leira
- Skrúfa skrúfu, lok eða tappa
- Klemma klemmur utan um pappa
- Þrjóna



#### 4.4 Skapandi starf

Skapandi starf veitir börnum tækifæri til þess að tjá sig með fjölbreyttum efnivið. Börn hafa þörf fyrir að tjá sig og með skapandi starfi eiga þau auðveldara með að tjá tilfinningar sínar. Einnig þjálfar skapandi starf fínhyringar hjá börnum og getur það verið af ýmsum toga svo sem að teikna, mála, leika tónlist eða með öðru föndri. Oft er skapandi starf tengt þema á deildinni eða árstímabundið svo sem vetrarmyndir á veturna, jólaföndur um jól, páskaföndur um páska og svo þar fram eftir götunum.



#### 5. Leikskólastarfið og mat á námi barna

Hugmyndafræðin sem leikskólinn notar samsvarar kenningum John Dewey og Howard Gardner. Þær kenningar fela í sér að börn læri í gegnum eigin reynslu og að allir geti eitthvað en enginn geti allt. Mikilvægt er að þekkja styrk sinn og vanmátt svo börnin fái tækifæri til að efla sig. Einnig er reynt að byggja upp félagslega sterka og lýðræðislega hugsandi einstaklinga. Börnin þurfa að kljást við ögrandi verkefni og einkennist námið af virkni hvers og eins þar sem hver einstaklingur byggir upp þekkingu sína frá eigin reynslu. Mikilvægt er að börn viti að í lagi sé að gera mistök bæði í leik og starfi.

**Lífsleikni:** Lífsleikni byggist á alhliða þroska barnsins og með henni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Á Eyrarvöllum er börnum kennd lífsleikni gegnum tólf dyggðir:

- 1 árs - vinsemd
- 2 ára - hjálpssemi og hugrekki
- 3 ára - þolinmæði, kurteisi og glaðværð
- 4 ára - virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki
- 5 ára - hófsemi, ábyrgð og samkennd

Kenna þessar dyggðir barninu færni í samskiptum, rökræna tjáningu, að bera virðingu fyrir sér, umhverfi sínu og öðrum og einnig byggja þær upp alhliða þroska barnsins. Barnið á að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þess og leik eftir því sem þroski og aldur leyfa.

**Skólahópur:** Elstu börnin á Eyrarvöllum fá að vinna sérstök verkefni í svokölluðum skólahóp. Í hópnum vinna börn verkefni tengd sjálfstæði, málörvun og stærðfræði og reyna verkefnin á færni þeirra.

**Flæði:** Allar deildir fara í flæði, sem er langoftast á milli tveggja deilda en stundum fleiri, jafnvel í öllum leikskólanum. Í flæði mega börnin flakka frjálst á milli þeirra leikstöðva og deilda sem í boði eru. Á hverri stöð situr kennari sem fylgist með börnunum.

**Hringekja:** Á Eyrarvöllum er hringekja hluti af starfi, þó aðallega á elstu deildunum. Þá er barnahópnum skiptu upp í 4-5 hópa og deildinni skipt í 4-5 stöðvar þar sem mismunandi verkefni eru í boði. Hver hópur fer á hverja stöð í 15-20 mínútur og er hægt að tengja stöðvarnar ýmist við frjálsan leik, stærðfræði, fínhyreyfingu, grófhreyfingu eða annað. Þetta gefur börnunum tækifæri til að fást við ólík viðfangsefni og blandast ólíkum hópum þar sem skipt er í hópana af handahófi.

Einstaklingsmat á námi og velferð barnanna eru til þess að efla og styrkja hvert barn.

Tilgangurinn með slíku mati er ekki til þess að bera börnin saman heldur til þess að styrkja hvert barn á þann hátt sem það þarf á að halda miðað við þroska og getu þess.

Þau viðmið sem leikskólinn notast við eru:

- **ART:** Er árangursrík og afmörkuð aðferð til þess að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum.. ART - tímar eiga að þjálfa börn í félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund og reynast þeim vel sem eru með atferlistruflanir.
- **Uppeldi til ábyrgðar:** Ýtir undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og kennir þeim að tala um tilfinningar sínar og átta sig á eigin þörfum. Einnig læra börnin sjálfsaga og að læra af mistökum sínum.

- **Leikur að læra:** Gengur út frá þörfum barna til að læra í gegnum leik og gegnum mismunandi skynfæri. Úthald og einbeiting barnanna eykst og er kenngslan aðlöguð að ólíkum þörfum barnanna.
- **Sjónrænt skipulag:** Er dagsskipulag sem hengt er upp á vegg inni á deild og inniheldur einfaldar myndir í tímaröð. Nýtist skipulagið öllum börnum en þó sérstaklega börnum á einhverfurófi.

Ef barn þarf á stuðningskenngslu að halda er hún veitt í einstaklingskenngslu með sérkennara, hópkenngslu og þegar tækifæri gefst inni á deild barnsins. Ef frekari aðgerða er þörf er haft samband við foreldra og er fengin aðstoð frá Skólaskrifstofu Austurlands sem veitir skólanum ráðgjöf og vísar til talmeinafræðings, iðjuþjálfra eða sálfræðings. Fær barnið einstaklingsnámskrá sem unnar eru eftir niðurstöðum sérfræðinga í samráði við foreldra og deildarstjóra. Eru skrárnar svo endurskoðaðar tvisvar sinnum yfir skólaárið.

## 6. Uppákomudagar

Á hverju skólaári eru haldnir hinir ýmsu uppákomudagar í leikskólanum. Eru sumir dagar til þess að sýna samstöðu og aðrir tengdir fögnuði. Yfir allt árið eru einnig hinir skrautlegu litadagar þar sem allir í leikskólanum klæðast sama lit og svo eru afmæli haldin síðasta þriðjudag hvers mánaðar hjá þeim börnum sem fædd eru í þeim mánuði.

Uppákomudagar Eyrarvalla eru:

- Litadagar
- Afmæli
- Bangsadagur
- Dagar myrkurs
- Dagar íslenskrar tungu
- Piparkökudagur
- Aðventan
- Slökunardagur
- Möndlugrautur
- Kirkjuferð
- Jólaball
- Leikfangadagur
- Karlakaffi
- Þorrablót
- Sólarball
- Dagar leikskólans
- Bolludagur
- Sprengidagur
- Öskudagur
- Konukaffi
- Páskar
- Rugldagur
- Bókadagur
- Umhverfisvika
- Vorsýning
- Útskrift





## 7. Lokaorð

Starf á leikaskóla er ábyrgðarstarf og það skiptir miklu máli að þeir sem gegna slíku starfi séu vel undirbúnir. Nauðsynlegt er að nýjum starfsmönnum séu kynntar reglur og hefðir leikskólans og þeir fræddir um þá grundvallarstefnu sem skólinn fylgir. Handbók þessari er ætlað að auðvelda nýjum starfsmönnum leikskólans Eyrarvalla að kynna sér alla þá þætti í starfsemi skólans sem helst skipta máli í hinu daglega starfi. Handbókin er stutt og greinargott yfirlit sem nýir starfsmenn geta stuðst til viðbótar við þær leiðbeiningar sem þeir fá frá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og viðkomandi deildarstjóra.

## 8. Heimildir

Arnar Óskar Egilsson. (2013). *Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna á leikskólum í Kópavogi út frá sjónarhorni tilfinningalegrar vinnu*. (BA-ritgerð). Háskólinn á Akureyri, félagsvísindadeild. Sótt maí 2020 af

<https://skemman.is/bitstream/1946/18568/1/BA%20-%20Arnar%20%C3%93%20Egilsson.pdf>

ART. Heilsuleikskólinn Kæribær. Sótt maí 2020 af

<http://kaeribaer.leikskolinn.is/ART>

Hvað er leikur að læra. *Leikur að læra*. Sótt maí 2020 af

<https://leikuradlaera.is/hvad-er-leikur-ad-laera/>

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007). Uppeldi til Ábyrgðar. *Netla*. Sótt maí 2020 af <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>

Guðlaug Erna Álfgeirsdóttir. (2016). *Hreyfiproski*. (lokaverkefni til M.Ed-prófs). Háskólinn á Akureyri, kennaradeild. Sótt maí 2020 af

<https://skemman.is/bitstream/1946/25210/1/Hreyfi%C3%BEroski.pdf>

Heilsuvera. (2017, 1 febrúar). Málörvun. Sótt maí 2020 af

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/throski-barna/malorvun/>

Jóna Björg Jónsdóttir. (2012). *Stjórnunarhlutverk deildarstjóra*. (Meistararitgerð). Háskólinn á Akureyri, kennaradeild- framhaldsbraut. Sótt maí 2020 af

<https://skemman.is/bitstream/1946/13213/1/M.Ed.%20J%C3%B3na%20Bj%C3%B6rg%20J%C3%B3nsd%C3%B3ttir%20%C3%A1g%C3%BAst%202012.pdf>

Melkorka Kjartansdóttir. (2020). *Velkomin til starfa í leikskóla*. (lokaverkefni til M.ed.-prófs).

Háskóli Íslands, kennslu og menntunarfræði. Sótt maí 2020 af

<https://skemman.is/bitstream/1946/35008/1/Velkomin%20til%20starfa%20%C3%AD%20leiksk%C3%B3la%20-%20Melkorka%20Kjartansd%C3%B3ttir.pdf>

*Móttökuáætlun nýrra starfsmanna*. Heilsuleiksskólinn Hamravellir. Sótt maí 2020 af

<http://hamravellir.skolar.is/hamravellir/m%C3%B3tt%C3%B6ku%C3%A1%C3%A6tlun%20n%C3%BDrra%20starfsmanna.pdf>

*Skólanámskrá*. Leiksskólinn Eyravellir. Sótt maí 2020 af

<http://www.eyravellir.leikskolinn.is/eyravellir/namskrain%20-%202017.pdf>

## 9. Myndaskrá

Allar myndir eru teknar úr starfi leikskóla Eyrarvalla og eru þær birtar með leyfi foreldra.

